

Íþróttastarf Golfklúbbs Suðurnesja

Golfklúbbur Suðurnesja (GS) heldur úti öflugu barna-, unglunga- og afreksstarfi. Klúbburinn er fyrirmyndarfélag ÍSí og hefur haft þann gæðastimpil um árabíl. Iðkendur stunda æfingar frá byrjun nóvember og fram í lok september ár hvert. Yfir vetrartímamann fara æfingar fram í Íþróttakademíunni en yfir sumartímamann í Leirunni. Iðkendur æfa 3-4 sinnum í viku á veturna þar sem aðaláhersla er á að bæta færni í leiknum og undirbúningur fyrir sumarið. Yfir sumartímamann er lögð áhersla á að viðhalda góðum grunni, auka leikskilning og bæta hæfni í að koma betra skori í hús.

Markmið klúbbsins er að kynna íþróttina fyrir sem flestum á yngri árum því þetta er heilsueflandi íþrótt sem hægt er að stunda alla ævina. Fjölmennt barna-, unglunga- og afreksstarf mun einnig leiða af sér afrekskylfinga sem halda uppi nafni klúbbsins á meðal þeirra bestu á landinu.

Árangur kylfinga klúbbsins undanfarin 3 ár hefur verið nokkuð góður og lofar það góðu fyrir framtíðina. Lið GS undir 12 ára varð íslandsmeistari árin 2018 og 2019, en endaði í 3. sæti árið 2020. Logi Sigurðsson og Fjóla Margrét Viðarsdóttir enduðu í 2. sæti á stigalista Golfsambands Íslands árið 2020 og gamla kempnan Guðmundur Rúnar Hallgrímsson endaði í 7. sæti á stigalista karla í ár þar sem hann keppir við alla bestu kylfinga landsins.